Hafnarfjarðarbær
Innk: 19.9.2017
Málsnr: 1708418
Bréfal: 521.1

Hafnarfjörður, 15. september 2017

Til: Byggingarfulltrúans í Hafnarfirði

Efni: Heimild til Jarðvegskönnunar

Í tengslum við fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir á lóð okkar við Óseyrarbraut 29 óskar Klinka ehf. eftir heimild til að hefja jarðvegskönnun á lóðinni.

Sbr. meðfylgjandi minnisblað frá Birni Jóhanni þá eru ekki tekin nægjanlega af öll tvímæli um hvort þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana við jarðvegsframkvæmdir á lóðinni. Því er nauðsynlegt að fá heimild til jarðvegskönnunar svo fljótt sem hægt er.

Virðingarfyllst,

Óskar Hafnfjörð Auðunsson

| STUÐULL VERKFRÆÐI OG JARÐFRÆÐIÞJÓNUSTA EHF | Minnisblað |
|---|---|
| | Hafnarfjarðarhöfn<br>Óseyrarbraut 29 |

Hafnarfjarðarbær
Innk: 19.9.2017
Málsnr: 1708918
Bréfal: 5.26.1

## Grundunareiginleikar

Lóðin á Óseyrarbraut 29 hefur verið stækkuð og hyggjast Trefjar hf. byggja nýtt hús á stækkuninni.

Aðstæður fyrir grundun húsa á stækkuninni ættu að vera þeir sömu og eru fyrir hendi undir núverandi húsi Trefja hf. Það hefur ekki orðið vart við sig á húsi Trefja né á húsi á Óseyrarbraut 28. Hvorug þessara lóða voru fergðar né einhverjar sérstakar ráðstafanir gerðar vegna sigs.

Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að sérstakra aðgerða sé þörf vegna nýbyggingar Trefja hf. enda sé álag á plötu, hæð á plötu og álag á sökkla sambærilegt við það sem notað var í eldra húsinu.

Grafið var líklega um það bil 1,5 m niður fyrir plötu í núverandi húsi Trefja og kom í ljós að undir efsta laginu var fremur misjafnt efni. Fínkornótt og lífrænt efni var grafið burt dýpra niður.
Undir sökklum voru einnig grafnar dýpri rásir. Fyllt var upp með góðu og vel þjöppuðu fyllingarefni og grunnur prófaðar skv. kröfum byggingarfulltrúa.

25. janúar 2017

Björn Jóhann Björnsson